



Morgunblaðið/Arnaldur

ndlist.




0 til 1970 í Listasafninu skoða ferða-  
Jónsson og Þorvald Skúlason.



Morgunblaðið/Jim Smart

BARBARA Lustenberger frá Sviss skoðar Vernissage eftir Ólaf Gíslason  
á sýningunni Stiklað í straumnum á Kjarvalsstöðum.

„Það gefur landslagssýn íslenskra listmálara enn meira vægi að hafa ferðast um landið og upplifað mótíf þeirra með eigin augum..“



Morgunblaðið/Arnaldur

FRÁ austursal Kjarvalsstaða þar sem fjallað er um sýn Kjarvals annars vegar og hins vegar yngri listamanna á íslenskt landslag. Hér fyrir ofan er verkið Regntjöld vorsins eftir Kjarval frá 1926 til '64 og til hægri Sumarnótt á Þingvöllum (tileinkað J.S. Kjarval) eftir Einar Garibaldafrá þessu ári.



Morgunblaðið/Jim Smart



Morgunblaðið/Arnaldur

Sýningu Listasafnsins undir yfirskriftinni Sviptingar á sjöunda ára-  
er myndaröð eftir Þorvald Þorsteinsson.



ÁN titils eftir Guðjón Ketilsson frá 1995.  
Verk í eigu Listasafns Reykjavíkur.

Listahátíð.

Eins og nafnið ber með sér þá er ekki reynt að rekja sögu nútíma-myndlistar í nákvæmri tímaröð á þessari sýningu heldur fremur leitast við að stilla saman verkum sem unnin eru út frá ólíkum forsendum á ýmsum tímum - „það eru listaverkin sjálf sem hafa orðið“, eins og segir í grein Þorbjargar Br. Gunnarsdóttur safnvarðar í bæklingi með sýningunni. Barbara Lustenberger frá Sviss var stödd á Kjarvalsstöðum ásamt ungum syni sínum og lét vel af tímaflakki verkanna frá fortíð til samtíðar og aftur til baka. Hún var að koma frá því að skoða verk Kjarvals og yngri listamanna í austursal. Frá Lómagnúp og Skjaldbreið Kjarvals er horfið til Sumarnætur á Þingvöllum eftir Einar Garibalda, verk sem hann tileinkar Kjarval. Þau Kristinn E. Hrafnsson, Roni Horn, Guðrún Kristjánsdóttir, Elísabet Haraldsdóttir, Daniel Magnússon, Eggert Pétursson og Georg Guðni hafa líka öll sína persónulegu nálgun við landslagshéðina.

Og þar sem Barbara virti fyrir sér hljóðverk Finnþoga Péturssonar, Móttaka, á ganginum stóð hún sjálfa sig að því að vera farin að stíga létt dansspor í takt við slátt verksins. Hinum megin veggjar á ganginum, móts við garðinn, standa taflmenn Jóns Gunnars Árnasonar vígreifir. „Það er skemmtilegt að fá sýnishorn af íslenskrum myndlist á ólíkum tímum svona sitt á hvað, samspilið er bæði óvenjulegt og athyglisvert,“ segir Barbara. „Ég glími sjálf við að mála og af þeim verkum sem ég hef séð hér þá er það tvímælalaust Kjarval sem höfðar mest til mín. Hann sýnir

íslenska náttúru í svo skemmtilegu ljósi.“

Til að gefa hugmynd um náð samspil ólíkra verka í sýningarsölunum má nefna verkin í Vestursal þar saman eru komin verk eftir Alfréð Flóka, Rúrí, Erró, Guðrúnu Hrönn Ragnarsdóttur, Jóhönnu Kristínu Yngvadóttur og Önnu Líndal í innsta rými salarins. Í þessum sal eru einnig að finna verk eftir Tuma Magnússon, Guðrúnu Gunnarsdóttur, Magnús Tómasson, Harald Jónsson, Ólöfu Nordal, Birgi Andrésson og Halldór Ásgeirsson auk innsetningarinnar Vernissage eftir Ólaf Gíslason.

Að lokum hittir blaðamaður að máli Steinar Kjosavik frá Noregi sem staddur var á safninu ásamt fjölskyldu sinni og höfðu þau farið víða og skoðað sithvað bæði af menningu og náttúru landsins. Steinar kunnir ekki síður að meta verk samtímalistamanna en þeirra eldri, „þó að það sé erfiðara að lýsa því hvað það er nákvæmlega sem hrifur mig í nútíma-myndlist þar sem samsetningar og efnistöð verkanna eru svo margvísleg“, bætir Steinar við. Hann segir aðspurður að það kunnir vel að vera verkin á sýningunni hafi til að bera einhver sér-íslensk einkenni þó að hann hafi ekki fundið ápreifanleg merki þess og að í raun virðist sér samtíma-myndlistinni svipa til þess sem hæst beri hjá norskum listamönnum um þessar mundir.

Sýningu Listasafns Íslands lýkur 6. september og sýning Listasafns Reykjavíkur á Kjarvalsstöðum stendur til 30. ágúst.

hún ákvað að bregða sér á sýningu safnsins í heimsókn „heima“.

**Síðustu 30 ár hulin ráðgáta?**

Þegar leitað var álitis viðmælenda á verkum frá 7. áratugnum og lokum þess 6. þegar andi súrrealismans og popp-listar svífur yfir vötnum, m.a. í verkum Errós og Jóhanns Eyfells, og síðan áhrif Fluxus-hreyfingarinnar hjá listamönnum eins og Magnúsi Pálssyni, Jóni Gunnari Árnasyni, Sigurði og Kristjáni Guðmundssonum, situr í gestum að svara. Þó að þessi verk í öðrum salnum á efri hæð safnsins séu í beinu framhaldi af abstraktsjónum árána milli 1950 og 1970 og sum hver meira að segja „hefðbundin“ í þeim skilningi að þau eru nálægt því að vera 30 ára þá er eins og listneytendur séu margir

hverjir ekki enn tilbúnir að kyngja hinu nýja myndmáli þar sem gamalli formhyggju er varpað fyrir róða. Listin fer að vísa beint til veruleikans og er allt í senn myndir, texti, gjörningur, leikhús og sjónvarp.

Jane Connell sagðist hafa það fyrir venju að sækja sumarsýningu Konunglegu Listakademíunnar í Lundúnum ár hvert. „Og þar er nú ýmislegt að finna sem höfðar engan veginn til mín þó mér þyki forvitnilegt að fylgjast með því sem hæst ber hverju sinni,“ segir Jane. Af nýrri verkum á sýningunni tiltók hún verk eftir Georg Guðna og annað eftir Húbert Nóa, Málverk af málverki, hvort tveggja verk frá þeim tíma þegar endurvakning málverksins var á 9. áratugnum og listamenn leituðu ýmist nýrra leiða við að vinna út frá náttúrunni og lands-

lagshefð frumherjanna eða grófust fyrir um inntak myndmálsins og listasögunnar - tilvistarvanda mannsins við aldarlok. Í sýningarsal í kjallara hanga uppi verk þriggja grafíklistamanna; Sigrid Valtin-gejer, Valgerðar Hauksdóttur og Hafðisar Ólafsdóttur. „Þjóðarlistasöfnum ber að halda á lofti list sinnar þjóðar,“ segir Jane. „Þess vegna býst ég við að yfirlitssýning sem þessi sé nauðsynlegur árviss viðburður.“

**Samræður ólíkra tíma**

Stiklað í straumnum er yfirskrift sumarsýningar Listasafns Reykjavíkur á Kjarvalsstöðum en auk þess stendur yfir fram að Menningarnótt í Reykjavík í ágúst sýning á verkum Errós í nýju húsnæði safnsins í Hafnarhúsinu sem opnuð var á